

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, er taki gildi 1. september 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 176, 26. apríl 1993, með áorðnum breytingum.
Í samræmi við hækkun byggingarvísitölu hækka allir liðir gjaldskrár Hitaveitu Akureyrar um 1,2% frá 1. september 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 26. ágúst 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis, B-hluta.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis, B-hluta, er taki gildi 1. september 1993:

Gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis, B-hluti, nr. 84, 22. febrúar 1993:

Liðirnir 2,3 Notkun til hitunar: C.1, C.2, C.3 og 2.4 Aðrir raforkutaxtar: D.1, D.2, hækka um 5,3% frá 1. september 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ**um faggildingingu verkstæða til endurskoðunar ökutækja.****Gildissvið og skilgreiningar.****1. gr.**

Reglugerð þessi gildir um starfsemi verkstæða sem faggilt eru af faggildingardeild Löggildingarstofunnar til endurskoðunar ökutækja og gefa út vottorð um að bætt hafi verið úr frávikum sem fundist hafa við aðalskoðun ökutækis. Reglur þessar byggja á ákvæðum í ÍST EN 45000 staðlaröðinni og reglugerð um starfshætti þeirra er annast lögboðna skoðun ökutækja.

2. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér greinir:

Endurskoðunarverkstæði: Verkstæði sem hlotið hefur faggildingingu til þess að endurskoða að bætt hafi verið úr frávikum sem fram hafa komið við aðalskoðun.